

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. S-34/2026

Reykjavík, 20. febrúar 2026

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um drög að frumvarpi til laga um ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána (varanleg heimild)

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) vísa til erindis fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 9. febrúar sl., þar sem LL var boðið að taka þátt í samráði um mál nr. 34/2026, *Frumvarp til laga um ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána*.

LL telja mikilvægt að taka það fram að almennt eru samtökin á móti inngripum í viðbótarlífeyrissparnað þar sem hann er ætlaður til að bæta eftirlaun á efri árum. Slíkur sparnaður er ætlaður til að byggja upp sjóð til að greiða bæði fyrir einka- og samneyslu. Þótt segja megji að úrræði sem felast í ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán samræmist ekki þessum markmiðum lýsa LL sig ekki mótfallin frumvarpinu enda er því ætlað að beina viðbótarlífeyrissparnaði í annað form sparnaðar sem nýttur er til niðurgreiðslu húsnæðisskulda. Það að leggja fyrir og greiða niður íbúðaskuldir er hluti af sparnaði einstaklinga sem getur eftir atvikum nýst á efri árum.

Þessi umbreyting á sparnaðarforminu er þó ekki gallalaus þar sem þess má vænta að einhverjir muni ekki eiga þennan sparnað þegar kemur að lífeyrisaldri auk þess sem eigið fé í íbúðarhúsnæði er ekki undanþegið aðför skuldheimtumanna eins og raunin er um viðbótarlífeyrissparnað, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Þrátt fyrir ofangreind varnaðarorð skal það tekið fram að LL telja þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu til bóta frá því sem verið hefur enda með varanleika í tíma og skýrum fjárhæðarmörkum. Fram til þessa hefur úrræðið verið framlengt með reglulegum hætti og staðið í samtals 11,5 ár er það féll úr gildi 1. janúar sl. Fyrirsjáanleiki er mikill kostur.

Jafnframt er það sanngirnismál að tímamörk séu samanlagt tíu ár. Í þessu sambandi skal því þó varpað fram hvort einfaldara og sanngjarnara kynni að vera að setja eina skattfrjálsa fjárhæð til kaupa á íbúðarhúsnæði og til ráðstöfunar inn á höfuðstól íbúðarlána.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til eru einkum þær að fjárhæðarmörk eru hin sömu og gilt hafa samkvæmt lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, nr. 111/2016. Samhliða eru

lagðar til breytingar á þeim lögum um samanlagt tíu ára tímabil og vakna því spurning um hvort ekki væri ráð að sameina þessi úrræði í eitt enda fátt sem skilur þau að verði frumvarpsdrögin að lögum. Sameining úrræðanna myndi leiða til einföldunar og væntanlega draga úr flækjustigi.

Að lokum þykir rétt að taka það fram að það sem einkum er jákvætt við að heimila séreignarsparnað inn á húsnæðislán er að skattaafslættir geta virkað sem hvati til sparnaðar þar sem einhverjir sem ekki hafa nýtt séreignarsparnaðarúrræði muni mögulega taka þátt og nýta sér þetta hagkvæma sparnaðarform.

Heilt yfir styðja LL frumvarpið og má fullyrða að lífeyrissjóðir muni benda sjóðfélögum sínum á að nýta sér úrræðið enda er skattaafslátturinn eitthvað sem einstaklingar geta vart látið fram hjá sér fara.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri